


Atli Harðarson

Hugleiðingar um læsi og skóla:

Erindi á fundi skólastjóra á Vesturlandi á Hótel Hamri 13. febrúar 2024



Komið þið sæl og takk fyrir að bjóða mér á fund.

Það sem hér fer á eftir eru hugleiðingar um læsi og skóla. Ég get ekki borið á borð örugga þekkingu um hvernig best er að bæta starf grunnskóla. Ef sú þekking er til er hún geymd annars staðar en í kollinum á mér. Ég hef ekki


starfað við grunnskóla. Reynsla mín er úr framhaldsskóla. Ég var kennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands frá 1986 og fram yfir aldamót og stjórnandi við þann sama skóla til 2014 þegar ég fór að kenna við Háskóla Íslands. Flestir nemendur mínir við háskólann eru í námi til kennsluréttinda og ég kenni aðallega um námskrár og menntastefnu en kem svo sem víða við og fjalla líka um heimspeki menntunar og siðfræði.

Þótt ég hafi ekki sérþekkingu á málefnum grunnskóla hef ég hugmyndir bæði um hlutverk skóla og um ástæður þess að sumar vonir sem fólk hefur bundið við skólaþróun hafa brugðist. Ef marka má niðurstöður PISA prófa hnignar getu nemenda til að draga ályktanir af texta og skilja bæði ritað mál og töluleg gögn. Samt hefur formleg menntun kennara aukist á undanförunum árum og margt verið gert til að bæta aðbúnað barna í skólum, auka stuðning við þau sem standa höllum fæti og innleiða alls konar nýjungar.



Ef við hefðum sýnt kennurum í árdaga skólahalds þær aðstæður og þann mannafla sem við nú höfum í grunnskólum hefðu þeir sennilega hugsað sem svo að það væri lítill vandi að ná góðum árangri við svo ríkulegan aðbúnað. Samt er enn eitthvað að og enn vantar töluvert á að öll börn verði vel læs.

Umræðan um hraklega útkomu á PISA prófum hér hefur snúist um það sem gerist innanlands og er sérstakt fyrir Ísland. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að útkoma okkar krakka var sérlega slæm á prófunum sem lögð voru fyrir í mars og apríl 2022 – lakari en í nær öllum öðrum löndum Evrópu. En lækkinin er samt ekki séríslenskt fyrirbæri – hún er bara dálítið meiri hér en víðast í löndum OECD.



Þessi línurit eru tekin af vef OECD og þau sýna að árangur á PISA prófum hefur verið á niðurlæging frá 2009. Það er athyglisvert að hann batnaði ögn 2009 og hér á landi var útkoman líka nokkuð góð það ár. Það er freistandi að tengja þetta bankakreppunni. Þegar harðnaði á dalnum breyttust lífnaðarhættir fólks og gildismat, notkun almenningsbókasafna jókst – það hægði ef til vill aðeins á fólki og kannski lengdist nætursvefninn. Ég ætla samt ekki að stinga upp á að keyra stóran hluta fyrirtækja í gjaldþrot til að bæta læsi. Ég held mig við að tala um uppeldi og skólastarf. Fyrst er samt rétt að huga að því að námsárangur veltur á fleiru en því sem gert er í skólum.

Ef niðurstöður PISA prófa sýna í raun og veru að læsi fari almennt hrakandi í 37 aðildarríkjum OECD er freistandi að geta sér þess til að orsakanna sé að leita í breytingum á lífsháttum og kjörum barna sem eru samstiga í mörgum löndum þrátt fyrir ólík skólakerfi og ólíka starfshætti skóla. Það er sem sagt freistandi að horfa á fleira en bara á skólana.

Ef niðurstöður PISA prófa sýna í raun og veru að læsi fari almennt hrakandi í 37 aðildarríkjum OECD er freistandi að geta sér þess til að orsakanna sé að leita í breytingum á lífsháttum og kjörum barna sem eru samstiga í mörgum löndum þrátt fyrir ólík skólakerfi og ólíka starfshætti skóla. Það er sem sagt freistandi að horfa á fleira en bara á skólana.

Breyttir lífshættir barna

Tækni: Snjallsímar, samskiptamiðlar, sjónvarp
Heilsa: Mataræði, svefn, útivera, hreyfing, ofþyngd, lyf
Tungumál: Íslenska vísir fyrir ensku, minni orðaforði á íslensku
Tómstundir: Frjálsir leikir, lausar stundir, tími með eldri og yngri
Ábyrgð: Vinna, hlutverk í samfélagi

Menntavísindasvið Atli Harðarson – febrúar 2024 Glæra 4

Ans margt hefur breyst í lífi barna frá því fyrstu PISA prófin voru lögð fyrir og við vitum að sumar breytingarnar hafa áhrif á nám og þroska og þar með á læsi.

Við vitum hins vegar ekki að hve miklu leyti má rekja minnkandi læsi til breyttra lífshátta utan skólans og að hve miklu leyti til breytinga á skólalæsi. Ef til vill er tóm vitleysa að reyna að aðgreina þetta. Til samanburðar má nefna að fáir barn hvorki d-vítamín úr fæðu né með því að vera úti í sól er óttaleg vitleysa að slá neinu föstu um hvort hörgullinn stafar einkum af inniveru eða einkum af óheppilegu vali á fæðutegundum.

Þegar fyrstu PISA prófin voru lögð fyrir 2000 og 2003 var almenningur ekki með sítengd snjalltæki. Þótt fyrstu farsímarnir hafi tengst internetinu í blábyrjun aldarinnar urðu nettengdir snertiskjáiir ekki algengir fyrr en áratug seinna. Um svipað leyti tók stór hluti fólks að nota samskiptamiðla eins og Facebook sem opnaði undir því nafni árið 2005. Það er ekki fyrr en 2012 sem PISA próf eru lögð fyrir börn sem höfðu notað snjalltæki að ráði um árabíl. Síðan þá hefur notkunin aukist og notendum fjölgað og þetta er meðal þess sem mest hefur breytt lífi barna eftir að útkomurnar á PISA tóku að versna. Það er freistandi að tengja þetta saman.

Það er líka freistandi að tengja snjallsímanotkun við heilsu og ekki síst við svefn. Í nýlegri doktorsrannsókn Vöku Rögnvaldsdóttur við Menntavísindasvið HÍ kom fram að „15 ára ungmenni sofa aðeins um 6,2 klst. á skólanóttum og aðeins lengur um helgar, eða 7,3 klst. ... Miðað er við að 15 ... ára ungmenni þurfi að minnsta kosti átta tíma svefn á nóttu en fæst þeirra uppfylla það viðmið yfir vikuna“* Rannsóknir á svefni hafa einnig sýnt að stór hluti unglinga vaknar um nætur til að kíkja á farsímamann.

Soffía Hrafnkelsdóttir vann doktorsrannsókn við Menntavísindasvið eins og Vaka. Hún skoðaði tengsl snjalltækjanotkunar og heilsu. Soffía segir meðal annars „Minni skjátími og tíðari áköf hreyfing tengdust minni líkum á að greina frá einkennum um þunglyndi, kvíða, lágt sjálfsálit og óánægju með lífið“*


Sumar tegundir vanheilsu eða heilbrigðisvanda hjá ungmennum virðast fara vaxandi. A.m.k. eykst notkun geðlyfja meðal barna og sömuleiðis er ofþyngd vaxandi vandamál. Um sumt í sambandi við næringu vitum við of lítið en vísbendingar eru um að aukin neysla mikið unninna matvæla, orku-drykkja og matvæla með mörgum aukaefnum hafi áhrif á þroska barna.

Breytingarnar á lífi þeirra eru fleiri. Við vitum til dæmis að á undanförunum árum hefur enska verið í sókn á kostnað móðurmálsins bæði gegnum sjónvarp og samskiptamiðla og gegnum breytta samsetningu þjóðarinnar með auknum innflutningi fólks. Orðaforði á móðurmáli umfram þann sem notaður er til hversdagslegra samskipta ræður miklu um læsi og það mælist væntanlega lakara ef milliorðaforði og sérórðaforði eru á öðru máli en því sem mælitækið notar. Þessi ásókn enskunnar er sennilega meiri hér en víðast annars staðar og það kann að vera hluti af skýringunni á því að okkar krökkum vegnar nú enn verr en jafnöldrum í flestum öðrum löndum OECD.

Ég hef nú tæpt á þremur fyrstu atriðunum sem nefnd eru á glærunni. Lítum nú á þau tvö síðustu.

Sé horft yfir áratugi hefur tími til frjálsra leikja þvert á aldur minnkað sem og vinna við hlið full-orðinna. Ég hef ekki þekkingu til að fullyrða mikið um áhrif þessa. Sumir eins og bandaríski sálfræðingurinn og mannfræðingurinn Peter Gray telja að þau séu mikil.

* https://www.hi.is/frettir/tiu_prosent_15_ara_ungmenna_fa_naegan_svefn_a_virkum_dogum



Í bókinni *Free to learn* sem út kom 2013 segir Peter Gray að sífellt stærri hluti af tíma barna sé skipulagður af fullorðnum. Það er ekki nóg með að skóladögum hafi fjölgað og þeir lengst heldur hafa frímínútur og matarhlé styst jafnframt því sem tíminn eftir skóla fer í meira mæli í heimanám og þaulskipulagt tólmstundastarf. Hann vitnar í rannsóknir í

Bandaríkjunum sem sýna að á tímabilinu frá 1981 til 1997 minnkaði sá tími sem 6 til 8 ára börn höfðu til frjálsra leikja um fjórðung og spyr síðan: Hvað höfum við gert við barnæskuna?

Bókin er svar við þessari spurningu og svarið er í stuttu máli að eyðileggingin sé mikil og afleiðingar hennar fyrir heilsu, menntun og hamingju barna skelfilegar. Minni tíma til frjálsra leikja fylgir, segir Gray, aukinn kvíði, þunglyndi og sjálfhverfari þankagangur en minni samkennd, minnkandi félagsfærni og lakari hæfni á mörgum sviðum.

Dæmin sem Gray ræðir eru frá Bandaríkjunum en mér sýnist flest sem hann segir eiga við hér á landi. Fyrir nokkrum áratugum léku barnahópar sér úti eftirlitslítið. Nú virðist það að mestu liðin tíð.

Sýn Peters Gray á bernskuna byggist að nokkru á mannfræðilegri þekkingu hans á samfélögum veiðimanna og safnara. Hann segir að hugur mannsins hafi mótast við slíka samfélagshætti þar sem börnin í ættbálknum léku sér saman. Börn eru þannig gerð, segir hann, að þau læra af því að leika sér saman, herma eftir eldri félögum og líta til með þeim yngri. Það síðast nefnda telur Gray lykilatriði í uppeldi. Stálpuð börn læra, segir hann, umhyggju og tillitssemi með því að leika við og annast um þau sem yngri eru. Hann fer hörðum orðum um samfélagshætti nútímans þar sem börn hafa lítil tækifæri til leikja og samveru við aðra en jafnaldra sína.

Í bókinni eru færð mjög umhugsunarverð rök fyrir því að sýn nútímamanna á nám barna einkennist af oftrú á skipulagða kennslu sem fullorðnir stjórna.

Þegar rætt er um vanda barna sem gengur illa að læra eða eru illa haldin af kvíða og vanlíðan er gjarna lagt til að við, þau fullorðnu, gerum meira fyrir þau – bætum við kennslu í einhverju sem við kunnum varla sjálf, eins og tilfinningagreind, til viðbótar við dagskrá sem þegar tekur nær hverja vökustund. Fræðin og þekkingin sem Gray ber á borð fyrir lesendur sína vekja spurningar um hvort öll þessi ráð auki vandann sem á að leysa. Hvað ef börn þurfa ekki meira heldur minna, jafnvel miklu minna, af kennslu, aðstoð, eftirliti, pössun og skipulagi? Hvað ef þau þurfa einfaldlega að vera meira hvert með öðru og í friði fyrir fullorðna fólkinu?

Gray heldur því fram fullum fetum að við stuðlum að aumingja- og fíflskaparvæðingu barnæskunnar með því að líta á krakka sem ábyrgðarlausu vanvita. Þetta verði til þess að ræna þau sjálfstraustinu, því þau fari sjálf að trúá því að þau geti ekki einu sinni labbað heim úr skólanum eða passað yngri systkini.

Breyttir lífshættir barna

Þarfir barna á 19. öld fyrir:

- Miðlun fróðleiks (upplestur eða bók og ljós til að lesa við)
- Tíma til að sitja kyrr og æfa sig að skrifa og reikna
- Hlé á brauðstriti sem var hlutskipti flestra frá unga aldri

Þarfir barna á 21. öld fyrir:

- Frið fyrir upplýsingasíbylju
- Aukna hreyfingu og útiveru
- Hlutverk í samfélagi

Menntavísindasvið Atli Harðarson – febrúar 2024 Glæra 6

Þetta var um breytta lífshætti barna en ég ætlaði að tala um skóla og hvað þeir geti gert til að auka læsi. Við getum samt ekki hugsað um skólann í einangrun – hann er hluti af stærri heild og ef allt er með felldu færir hann börnum eitthvað sem þau fá ekki annars staðar.

Skólalald nútímans spratt upp úr samfélagi 19. aldar og víðast í löndunum í kringum okkur var komin á skólaskylda fyrir 1900. Hér gerðist þetta aðeins seinna. Skólarnir færðu börnum ýmislegt sem þau fengu ekki heima: Miðlun fróðleiks, tíma til að sitja kyrr og æfa sig að skrifa og reikna, hlé á brauðstriti sem var hlutskipti flestra frá unga aldri.

Nú eru þarfirnar aðrar. Börn skortir ekki miðlun fróðleiks, kyrrsetu og hlé frá brauðstriti. Þurfa þau ekki þvert á móti minna upplýsingaflóð, minni kyrrsetu og meiri tækifæri til að gera gagn?


Til að átta okkur á hvað skóli á að gera fyrir börn þurfum við að átta okkur á hvað þessi sömu börn

Trú á galdra Hæfniviðmið

Menntavísindasvið Atli Harðarson – febrúar 2024 Glæra 7

vantar. Hvað vantar í líf þeirra sem skólinn getur gefið þeim?

Áður en ég reyni að svara þessari spurningu og segja um leið eitthvað um læsi ætla ég að tæpa á tveimur atriðum sem ég held að komi í veg fyrir að skólar geri eins mikið gagn og þeir geta gert. Þessi tvö atriði eru útbreidd trú á galdra og hæfniviðmið.



Galdratrúin birtist til dæmis þegar kallað er á nýjar ráðstafanir þegar nemendum gengur illa á PISA og látið að því liggja að hægt sé að gera eitthvað á stuttum tíma sem töfrar fram stórmikinn árangur.

Við vitum samt alveg að læsi þroskast á löngum tíma og krefst þolinmæði, endurtekingar og iðjusemi. Þegar barn er eins árs


flettum við bókum með myndum, bendum á hund og segjum voff. Þegar þau eru tveggja ára lesum við aftur og aftur til dæmis um grísina þrjá og geiturnar þrjár og svo koma Einar Áskell, Múmínálfarnir, Dýrin í Hálsaskógi og Lína langsokkur, Búkolla, Hans og Gréta og svo framvegis og svo framvegis – söngvar, sögustundir, stafakubbar, orðaleikir – þetta heldur áfram við upphaf grunnskóla – margir klukkutímar í viku ár eftir ár.

Geta í stærðfræði byggist líka upp á löngum tíma. Eins árs börn leika með kubba og bolta, tveggja ára með Lego duplo og púsluspil, svo koma perlurnar sem er raðað á spjald, leikir með blað og liti, tölustafir, að skipta á milli, hoppa París, telja í lið, nota klukku ... aftur og aftur ár eftir ár ... og við förum að vinna einfaldar aðgerðir með tölur og form án áreynslu sem er forsenda þess að gera leyst dæmi þar sem raða þarf saman mörgum aðgerðum – að einföldu aðgerðirnar krefjist ekki mikillar athygli eða áreynslu – tölurnar, klukkan, margföldunartaflan, hlutföll og form verða eins og málhljóðin og málkerfið, hluti hugans og tiltæk án áreynslu.

Þetta tekur tíma – langan tíma – og það þarf að vera slaki á tímanum. Víst er göldrum líkt hvað börn geta lært og hvernig þau þroskast en við þurfum samt að passa okkur að reyna ekki að ýta þeim of hratt. Þá fer okkur eins og hrísgrjónabónda í Bakkabræðrasögu frá Austurlöndum sem ætlaði að flýta vexti jurtanna með því að toga í þær.

Fólk sem er vel læst á texta hefur lesið heil reiðinnar býsn alveg eins og fólk sem er gott í íþrótt hefur æft mikið og fólk sem spilar vel á hljóðfæri hefur spilað löngum stundum.

Ég læt þetta duga um galdrana. Við vitum öll að þeir koma hvorki í staðinn fyrir heiðarlegt strit né leiki sem er farið í aftur og aftur. Lítum á hæfniviðmiðin.

Þrjú hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 10. bekk 

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir
- tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni
- notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum

Menntavísindasvið Atli Harðarson – febrúar 2024 Gleira 9

Hér eru þrjú dæmi um hæfniviðmið úr stærðfræði fyrir tíunda bekk. Hræddur er ég um að þegar ég lauk landsprófi miðskóla vorið 1975 hafi ég ekki getað neitt af þessu. Samt fór ég á eðlisfræðibraut í menntaskóla og gekk bara vel í stærðfræði. Þegar ég var í barna- og gagnfræðaskóla voru efnisatriðin í stærðfræði miklu færri en nú.

Ég kenndi nemendum á fyrsta ári í framhaldsskóla stærðfræði í 15 ár frá 1986 til 2001 og á þeim árum varð ég þess margoft var að allt of mörgum atriðum hafði verið hrúgað inn í námsefni grunnskólans með þeim afleiðingum að stór hluti hvers árgangs hætti að fylgjast með og náði litlu sambandi við efnið sem kennt var á unglingsstigi. Ég held að næstum öll þessi börn hafi vel getað lært reikning en það var eins og þau hefðu verið stungin af. Mér heyrðist á mörgum þeirra að þau hefðu gefist upp og hætt að reyna að læra þessa mikilvægu námsgrein einhvern tíma á síðustu árum sínum í grunnskóla. Afleiðingin var lítil æfing í meðferð talna og þar með lítið læsi á efni þar sem þarf að átta sig á stærðfræðilegum eða hálfstærðfræðilegum upplýsingum.

Svipaða sögu er að segja um móðurmálið. Efnisatriðin eru orðin of mörg til að nemendur nái þeim.

Þetta sama hefur gerst í löndunum í kringum okkur. Efnisatriðum í námskrám skóla hefur fjölgað. Sums staðar, til dæmis í Danmörku, virðast yfirvöld vera að átta sig á að það er ekki hægt að halda svona áfram.

Mette Frederiksen 3. október 2023 

„Ét tal siger det hele. 1.081. Så mange bindende mål fra politisk hold skal lærerne i folkeskolen forholde sig til. [...] Ja, så er der oveni det 3.170 såkaldte vejledende mål. Det er altså flere end 4.000 fælles mål, som lærere og folkeskoler skal forholde sig til, navigere i og leve op til, når de underviser vores børn. Det er alt, alt, alt for mange. I næste uge præsenterer vi regeringens oplæg til en ny folkeskole. Her vil vi foreslå, at vi for hver gang der i dag findes 10 mål, at vi så fjerner de 9 af dem. [...] Vi skal sætte folkeskolen fri.“



Menntavísindasvið Atli Harðarson – febrúar 2024 Gleira 10

Hér er Mette Frederiksen, forsætisráðherra Dana, að tala á þingi, Folketinget, nú í haust. Hún segir að markmiðin í námskrá grunnskóla þar í landi séu 1.081 og lofar að henda 90% af þeim.

Greinasviðin í aðalnámskrá íslenskra grunnskóla eru 8 og þar eru hæfniviðmið fyrir lok yngsta stigs, lok miðstigs og lok unglingsstigs.

Á unglingsstiginu eru þau frá tæplega 20 upp í rúmlega 70 á hverju greinasviði og að auki um 20 sem kallast lykilhæfni. Samtals eru hæfniviðmið fyrir lok 10. bekkjar vel á fjórða hundrað. Á hinum stigunum eru þau dálítið færri svo summan nær sennilega ekki alveg 1.081.

Þrjú hæfniviðmið í dansi fyrir 10. bekk



Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi
- valið milli ólíkra dansstíla, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í túlkunar- og sköpunarferli út frá eigin þekkingu og leikni í dansi
- tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt dans á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það í menningar- og sögulegt samhengi

Menntavísindasvið

Atli Harðarson – febrúar 2024

Glaera 11

Það er ekki nóg með að markmiðin séu gríðarlega mörg. Sum þeirra lýsa afar yfirgripsmikilli hæfni sem er hæpið að nokkur maður hafi til fulls. Hér eru til dæmis þrjú hæfniviðmið í dansi fyrir 10. bekk.

Ekki er nóg með að markmiðin í námskrá séu gríðarlega mörg og viðamikil heldur eru líka á lofti kröfur um að skólar fjölgi viðfangsefnum.

Námskrá og skóli á viðbúnaðarstigi



Sum rök fyrir viðbótum við námskrár snúast um að gera skólann að verkfæri samfélags á viðbúnaðarstigi sem þarf að bregðast skjótt við yfirvofandi ógnum, annars verði börnin:

- Féflett (fjármálalæsi)
- Misnotuð (kynfræðsla)
- Föst í rugli (forvarnir)
- Úrelt og skorti 21. aldar hæfni



Menntavísindasvið

Atli Harðarson – febrúar 2024

Glaera 12

Sum rök fyrir viðbótum við námskrár snúast um að gera skólann að verkfæri samfélags á viðbúnaðarstigi sem þarf að bregðast skjótt við yfirvofandi ógnum, annars taki Grýla börnin og þau verði: Féflett ef þau læra ekki fjármálalæsi; Misnotuð ef ekki er næg kynfræðsla; Föst í rugli ef forvörnum er ekki sinnt meira; Úrelt og skorti 21. aldar hæfni ef

þau fá ekki kennslu um alls konar nýja tækni.

Sumar þessar ógnir eru vissulega raunverulegar og fráleitt að gera lítið úr þeim. En skóli sem snýst einkum um að forðast þær er e.t.v. ekki góður staður til að verða læs og glögg á tölur og kannski ekki heldur til að byggja upp styrk til að takast á við nýjar ógnir sem koma fram síðar og við vitum enn ekkert um.

Staður þess seinlega



Þarf ef til vill hægari yfirferð, færri efnisatriði, meiri rólegheit, minni viðbrögð við ógnum?

Þarf skólinn ef til vill að vera gríðastaður þess seinlega í heimi hraðans?

Menntavísindasvið

Atli Harðarson – febrúar 2024

Glaera 13


Þurfa nemendur ef til vill visku og styrk sem vex í skjóli fyrir öllum ógnum og æðibunugangi nútímans. Sendum við ef til vill röng skilaboð með því að vera á viðbúnaðarstigi – skilaboð um að það mikilvægasta sé að forðast hættur en sögur í bókum eða dæmi á blaði skipti minna máli.

Hvað fær rúm til að vera mikilvægt í skólanum? Skiptir máli að sögur, leikir, reikningsdæmi og vitsmunaleg viðfangsefni fái að vera mikilvæg?

þarf ef til vill hægari yfirferð, færri efnisatriði, meiri rólegheit, minni viðbrögð við ógnum?


þarf skólinn ef til vill að vera griðastaður þess seinlega í heimi hraðans?

Er ekki búið að prófa það víða um lönd að láta skólana gera meira og meira? Er ekki alls staðar verið að píska kennara og nemendur áfram í að ná meiri og meiri árangri í fleiru og fleiru og bregðast við fleiri og fleiri vandamálum?



Og er þetta ekki árangurinn?

Ég ætla að geta mér þess til að eitt af því sem vantar í líf barna og skólinn getur gefið þeim sé tími sem líður mátulega hægt, rólegri stundir við lærdóm og leiki.



Hvernig væri að prófa að gera minna?